

**77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmaunsins yfir
vesturumdæminu, um verzlunarskýrslur.**

1864.
27. ágúst.

Böving sýslumaður í Snæfellsnessýslu hefir spurt um, hvort bréf dómsmálastjórnarinnar 30. d. septemberm. f. á. um breyting á forminu á hinum fyrirskipuðu árlegu skýrslum um aðfluttar vörur til Íslands og útfluttar vörur þaðan, eigi að skiljast á þann hátt, að hèreptir beri ekki að senda stjórninni lista um verðlag á vörunum og um vörueptirstöðvar á verzlunarstöðunum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það Böving sýslumanni, að með fyrgreindu bréfi dómsmálastjórnarinnar er engin breyting gjörð á hinum eldri reglum um að senda verðlagslista og eptirstöðvaskrár.

Þarsem Böving sýslumaður þaradauki hefir beðið um, að sèr yrðu send nokkur exemplör af útdrætti þeim, er innanríkisstjórnin fyrrum lét prenta, af hinum helztu lagaboðum um verzlunina á Íslandi, þá skal því við bætt, að embættismanni þessum hafa beina leið hëðan verið send 15 exemplör af útdrætti þessum.

**78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um reka á Brekku í Stranda-
sýslu.**

22. sept.

Indriði alþingismaður Gíslason á Hvoli í Dalasýslu hafði farið fram á, að hann eptir staðfestum máldögum ætti, sem eigandi kirkjunnar á Hvoli, tilkall til sjöttungs úr hvalreka á fjörum jarðarinnar Brekku í Stranda sýslu millum Hundsvörðu og Stiga og þriðjungs víðarreka millum Hundsvörðu og Kirkjulækjar; en helming jarðar þessarar á Skarðs kirkja, en hinn helminginn ríkissjóðurinn; hafði þér, herra amtmaður, fyrir þessa sök beðið um úrskurð stjórnarráðsins um það, hvort eptirláta skuli greindum Indriða Gíslasyni rekaftök þau, er hann þannig gjörir tilkall til, eður ekki.